

Dags. fundar: 2. júní 2015	Tími: 10.45.	Nr. fundar: 52
Fundarboðari: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir.	Fundarritari: Björn Valdimarsson.	Staður: Laugardalslaug.

Efni fundar:

1. AMÍ.
2. Dómaranámskeið næsta sundárs.
3. Námskeið erlendis.
4. Erindisbréf og fleiri í nefndina.

Viðstaddir: Sigurður Óli Guðmundsson, Björn Valdimarsson, Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir, Ólafur Baldursson, Jón Hjaltason og Viktoría Gísladóttir

Boðaði forföll. Elsa María Guðmundsdóttir fulltrúi stjórnar.

Dagskrá:

1. AMÍ/UMÍ verður haldið á Akureyri 25.-28. júní í samstarfi við Sundfélagið Óðinn á Akureyri. Nefndin getur eins og áður fyrir SSÍ mót, haldið utan um skráningar og niðurröðun starfsmanna. Nefndin tilnefni Ólaf Baldursson sem sinn fulltrúa í AMÍ nefnd.
2. Lagt er til að þrjú til fjögur námskeið fyrir almenna dómara verði haldin næsta sundár á suðvesturhorninu. Þegar dagsetningar sundmóta næsta sundárs liggja fyrir verður hægt að dagsetja og staðsetja námskeiðin. Áætlað er nú þegar að halda eitt þessara námskeiða í tengslum við Landsbankamót ÍRB sem haldið verður eftir áramótin 2016. Dómaranefnd leggur áherslu á að ekki sé gefið leyfi fyrir dómarnámskeiði nema rætt sé við nefndina. Nefndin hefur lagt töluverða vinnu í að samræma kennslu á efninu og óskar eftir að vera með í ráðum eigi aðrir að kenna efnið. Áætlað er að Ólafur Baldursson fari á Austurland, haldi þar kynningu fyrir þau félög þar sem vilja og eiga jafnvel nú þegar dómara á listanum og aðstoði félögin við mótahald á einu móti í tengslum við kynninguna. Einnig leggur nefndin til að haldin verði kynning á sundreglunum fyrir þjálfara félaganna milli hluta á einhverju sundmótanna þar sem taka þátt sem flest félög og þ.a.l. sem flestir þjálfarar á staðnum t.d. ÍM, RIG, Gullmót KR og Landsbankamót ÍRB.
3. Nefndin óskar eftir að vera höfð með í ráðum þegar verður tekin sú ákvörðun hvaða dómara fara hugsanlega til Kýpur um mánaðarm. okt-nóv. á LEN Seminar. Áætlaður kostnaður miðað við fyrirliggjandi upplýsingar er 250 þúsund á mann og leggur nefndin til að SSÍ greiði þann kostnað þar sem þeir dómara sem færu myndu miðla til allra dómara auk þess sem nefndin telur að að þátttaka í þessu og samskonar þingum sé nauðsynleg ætli Ísland að koma dómurum sínum á stórmót erlendis..
4. Drög að erindisbréfi hefur nefndin þegar sent til stjórnar. Liggur fyrir samþykkt á því erindisbréfi? Nefndin óskar eftir að fjölga fólki en nokkur umræða hefur verið innan nefndarinnar um þann möguleika þ.e. að fá inn fleira fólk frá fleiri félögum. Leggur nefndin til að Hilmar Theodór Björgvinsson frá ÍRB og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir frá Ægi bætist við Dómaranefndina.

Fundi slitið kl: 11.45. Næsti fundur: Í ágúst 2015. Verður boðað til hans.